

37. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Laxdalshúsi 6.júní 2013 kl. 20.30

Mættir: Hulda Sif Hermannsdóttir, Finnur Jóhannesson, Ágústa Ólafsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir og María H. Tryggvadóttir

María H. Tryggvadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Að meta tillögur um verkefni sem komið hafa til nefndarinnar varðandi úthlutun á fjármagni úr afmælistjóði Akureyrarbæjar til umhverfismála í hverfinu. Á fundinum var ákveðið að farið yrði í eftirfarandi verkefni:

1) Göngustígur á milli Hlíðarbrautar og Bugðusíðu við Glerárkirkju

Gera stíginn vinalegrri með því að gróðursetja einhverskonar skjólsvæði t.d. með skeifulaga skjól-veggjum/trjám t.d. Kasmirreyni, Koparreyni, lágreistri furu eða annað sem hentar.

Upphæð í verkefnið u.þ.b. 400.000

2) Álfhóll

Gera svæðið fjölskylduvænna, sérstaklega fyrir yngri barnafjölskyldur. Gæta þess að sleðabrekka á svæðinu er mjög vinsæl meðal barna á öllum aldri. Allar viðbætur mega því ekki vera í “sleða-leið”

Tillögur að framkvæmdum:

Setja upp bekk eða borð með áföstum bekkjum beggja vegna.

Rennibraut sem hentar fyrir yngri börn.

Upphæð í verkefnið u.þ.b. 700.000

3) Síðuskóli – útikennslustofa

Skólinn hefur sent inn tillögur að ýmsum verkefnum sem þau óska eftir aðstoð við.

Skólinn sér um framkvæmdina en þarf ýmsa aðstoð og er verkefnið unnið í samráði við Umhverfisnefnd skólans.

- a) Óska eftir að fá eitt steipt rör, 60 cm í þvermál og 60-70 cm á hæð. Þetta á að vera undir grindinni í eldstæði. (redda grind sjálf)
- b) Trjáskurl á stígana og í skjólreitina. Þiggja það sem er í boði.
- c) Flutningur á drumbum sem eru við Dalsbraut við Lundarskóla, ca 10 stk um 4-5 metra asparbolir (mismunandi þvermál).
- d) Sex bekkir sem mundu líka nýtast á skólalóðinni og í innigörðum skólans.
- e) Óska eftir blómabeði /blómakeri við innkeyrsluna að skólanum.
- f) Rabarbarahnaus eða –hnausa.
- g) Berjarunna t.d. rifs og sólber.
- h) Óska eftir sígrænum trjám til að búa til meira skjól við útikennslustofuna:

Upphæð í verkefnið u.þ.b. 800.000

4) Blómabeð á horninu við Austursíðu og Hlíðarbraut (á hljóðmöninni)

Upphæð í verkefnið u.þ.b. 100.000

Fundið slitið kl. 23.00